



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingar á reglum um þjónustu félagsmiðstöðva

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um þjónustu félagsmiðstöðva:

Núgildandi gildissvið er svohljóðandi:

Reglur þessar gilda um starfsemi félagsmiðstöðva og umsókn og innritun í sértækt félagsmiðstöðvastarf Reykjavíkurborgar. Einnig ná reglurnar til gjaldtöku og innheimtu fyrir þátttöku í félagsmiðstöðvum og sértæku félagsmiðstöðvastarfi borgarinnar. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum. Börn er hér notað yfir börn og unglinga 10-16 ára.

Lagt er til að orðalag gildissviðs verði svohljóðandi:

Reglur þessar gilda um starfsemi félagsmiðstöðva og umsókn og innritun í sértækt félagsmiðstöðvastarf Reykjavíkurborgar. Einnig ná reglurnar til gjaldtöku og innheimtu fyrir þátttöku í félagsmiðstöðvum og sértæku félagsmiðstöðvastarfi borgarinnar. *Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérlaga eftir því sem við á. Börn er hér notað yfir börn og unglinga 10-16 ára.*

Núgildandi **7. mgr í 2. gr.** er svohljóðandi:

Börn í félagsmiðstöðinni Öskju við Klettaskóla þurfa að vera innrituð í Klettaskóla (geta verið með lögheimili utan Reykjavíkur) en í öðrum sértækum félagsmiðstöðvum er skilyrði fyrir þátttöku í vetrarstarfi að börnin séu með lögheimili í Reykjavík. En á sumrin geta allir sem eru í umönnunarflokki 1-3 og eru á þeim aldri sem þjónustan er skilgreind fyrir tekið þátt í starfinu.

Lagt er til að orðalag **7. mgr 2. gr.** verði svohljóðandi:

Börn í félagsmiðstöðinni Öskju við Klettaskóla þurfa að vera innrituð í Klettaskóla (geta verið með lögheimili utan Reykjavíkur) til að geta tekið þátt í sumar- og vetrarstarfi en í öðrum sértækum félagsmiðstöðvum er skilyrði fyrir þátttöku í sumar- og vetrarstarfi að börnin séu í almennum grunnskólum Reykjavíkur eða í Brúarskóla og með lögheimili í Reykjavík.

Núgildandi **gr. 5.1** er svohljóðandi:

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir öll börn sem eru með lögheimili í Reykjavík, eru að ljúka 5.-10. bekk og eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreining Tryggingarstofnunar ríkisins, óháð skólahverfi. Barn þarf að hafa fengið skólavist í Klettaskóla til að geta tekið þátt í sumarstarfi Öskju.

Lagt er til að orðalag **gr. 5.1** verði svohljóðandi:

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir öll börn sem eru með lögheimili í Reykjavík, *í almennum grunnskólum Reykjavíkur eða Brúarskóla*, eru að ljúka 5.-10. bekk og eru í umönnunarflokkum 1-3 sbr. skilgreining Tryggingarstofnunar ríkisins, óháð skólahverfi. Barn þarf að hafa fengið skólavist í Klettaskóla til að geta tekið þátt í sumarstarfi Öskju.

Lagt er til að breytingarnar taki gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Með framangreindu er verið að gera sambærilegar breytingar í sértækum félagsmiðstöðvum og voru gerðar á reglum um þjónustu frístundaheimila fyrir sumarið 2023 þar sem börn úr þeim grunnskólum sem frístundaheimilin starfa við hafa forgang í sumarstarf þeirra.

Lögð er áhersla á að börn í Klettaskóla taki þátt í frístundastarfinu í Öskju vegna mikils samstarfs um börnin milli Klettaskóla og hlutaðeigandi félagsmiðstöðvar. Sértæku félagsmiðstöðvarnar Höf, Hellir og Höll þurfa að sinna börnum úr mörgum almennum grunnskólum og aðstæður ekki til staðar til að bæta börnum úr Klettaskóla inn í þann hóp.

Reglubreytingin er ekki talin hafa fjárhagsleg áhrif.

Gildistaka:

Lagt er til að breytingarnar taki gildi við samþykki borgarráðs.